



TOLLSTJÓRI

Alþingi
Erindi nr. P 138/2068
komudagur 7.5.2010

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 6. maí 2010

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., lögum um nauðungarsölu, lögum um lögmenn og innheimtulögum, með síðari breytingum (réttarstaða skuldara), 510. mál, lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009-2010.

Tollstjóri hefur móttengið erindi allsherjarnefndar Alþingis dags. 21. apríl 2010 þar sem óskað er umsagnar um ofangreint frumvarp.

Tollstjóri gerir ekki athugasemdir við efni frumvarpsins en vekur þó athygli á að verði 3. gr. frumvarpsins að lögum er ljóst að réttarstaða kröfuhafa mun rýrna til muna dragist á langinn að þeir nái að fullnusta kröfu sína. Þá er bent á að á meðan hömlur eru á fullnustu mun krafa skuldara bera dráttarvexti og annan kostnað.

Virðingarfyllst,

Snorri Olsen
Tollstjóri